

GÓLF - NÝMÁLUN

STEINSTEYPT GÓLF

1. Þar sem slitálag er mikið, t.d. á verkstæðum, í verksmiðjum og í fiskvinnsluhúsum.

Undirbúningur (1)

Flöturinn skal vera hreinn og þurr, sementsgjall skal fjarlægja með véslípun eða saltsýrubvotti.

Grunnun	Milliumferð	Lokaumferð (4)
EPOXÝLAKK (2) Þynnt um 15-30% með EPOXÝÞYNNI. Um 0,12 l/m ² í umferð	EPOXÝLAKK Óþynnt eða 5% þynnt. Um 0,10 l/m ² í umferð	EPOXÝLAKK Óþynnt. Um 0,10 l/m ² í umferð
SAFÍR Þynnt um 10-20% með KJARNAPYNNI. Um 0,12 l/m ² í umferð	SAFÍR Óþynnt eða 5% þynnt. Um 0,10 l/m ² í umferð	SAFÍR Óþynnt. Um 0,10 l/m ² í umferð
EPOX 1 Þynnt um 10% með vatni. Um 0,10 l/m ² í umferð	EPOX 1 Óþynnt. Um 0,10 l/m ² í umferð	EPOX 1 Óþynnt. Um 0,10 l/m ² í umferð

2. Þar sem slitálag er lítið, t.d. þvottahús, geymslugólf og þar sem létt gangandi umferð er til staðar.

Undirbúningur (1)

Flöturinn þarf að vera hreinn og þurr, laus við fitu og önnur óhreinindi. Ryk skal fjarlægja með ryksugun.

Grunnun	Milliumferð	Lokaumferð (4)
KÓPAL GÓFLAKK 50 Þynnt um 10-15% með VATNI. Um 0,10 l/m ² í umferð.	ENGIN Óþynnt eða 5% þynnt. Um 0,10 l/m ² í umferð	KÓPAL GÓFLAKK 50 Óþynnt. Um 0,10 l/m ² í umferð
ÐDALGÓFLAKK Þynnt um 10-20% með MÍNERALTERPENTÍNU Um 0,10 l/m ² í umferð	ÐDALGÓFLAKK Óþynnt. Um 0,10 l/m ² í umferð.	ÐDALGÓFLAKK Óþynnt. Um 0,10 l/m ² í umferð
EPOX 1 Þynnt um 10% með vatni. Um 0,10 l/m ² í umferð	EPOX 1 Óþynnt. Um 0,10 l/m ² í umferð.	EPOX 1 Óþynnt. Um 0,10 l/m ² í umferð.

ÁBENDINGAR

Almennt: Ofangreindum gólflokkum skal hlífa við mikilli áníðslu fyrstu 3 - 5 dagana eftir málun.

1. a) Steinsteypa er um 3 til 4 vikur að ná fullum styrk. Á meðan hörðunartíma steinsteypunnar stendur er ekki ráðlagt að mála yfir flötinn.

b) Þegar mála á jarðgólf er rétt að athuga hvort gólfraki er fyrir hendi. Það má gera, t.d. með því að leggja plastdúk á gólfið, loka samskeytum plasts og gólfs og láta standa yfir nótt. Ef raki þéttist við plastið, þá getur verið varasamt að mála gólfið. Leitið þá állits sérfræðinga Málningar hf.

2. Varast ber að mála ferska, steinsteypa fleti með alkýðmálningu (t.d. ÐDALGÓFLAKKI). Steinsteypa er þá enn mjög basísk (lútarkennd) og brýtur niður bindiefnið í málningunni, sem flagnar þá af fletinum. Þessi áhrif flatarins á málninguna kallast að málningin "sáapist".

3. a) Blanda skal lakki og herði gaumgæfilega saman í réttum hlutföllum og láta standa í 15-25 mín. fyrir notkun. Ef þynna á lakkið, skal það gert eftir blöndun herðis og lakks.

b) EPOXÝLAKK harðnar ekki við hitastig undir 10°C og því hærra sem hitastigið er, þeim mun hraðar harðnar lakkið.

4. Fjöldi umferða, umfram grunnun og milliumferð, ræðst af kröfum um slitstyrk á hverjum stað.

	SAFÍR	EPOXÝLAKK	ÐDALGÓFLAKK	EPOX 1	KÓPAL GÓFLAKK
Ammóníak (< 25%)	1	1	3	2	3
Vatn	1	1	1	1	1
Bensín	1	1	2	1	2
Díselolía	1	1	2	1	2
Jurta- og fiskiolíur	1	1	2	1	2
Geymasýra	2	1	3	2	3
Saltsýra (< 20%)	2	1	3	2	3
Vítissóti (< 50% NaOH)	2	1	3	2	3
Mínalterpentína	1	1	2	1	2
Etanól (> 15%)	1	2	2	2	2
Metýlenklóríð	3	3	3	3	3
Borðvín	1	1	2	1	2

Skýringar: 1= GOTT EFNAPÓL 2 = TAKMARKAÐ EFNAPÓL 3 = EKKI EFNAPÓLÍÐ